um breyting á lögum nr. 80 frá 11. júní 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

Flm.: Jón Þorsteinsson.

1. gr.

Í stað „7 sólarhringum" í 16. gr. laganna komi: 20 sólarhringum.

2. gr.

27. gr. laganna hljóði svo:

Strax og slitnar upp úr samningaumleitunum aðila eða annar hvor aðila telur vonlaust um árangur af frekari samningaumleitunum þeirra, getur hvor aðili um sig eða þeir sameiginlega vísað deilunni til meðferðar sáttasemjara. Eftir að sáttasemjari hefur fengið tilkynningu um þetta, er honum skylt að kveðja aðila eða umboðsmenn þeirra til fundar, svo skjótt sem kostur er, og halda síðan áfram sáttaumleitunum, meðan von er til þess, að þær beri árangur. Sáttasemjara er skylt að taka vinnudeilu til meðferðar í síðasta lagi 10 sólarhringum áður en vinnustöðvun er ætlað að koma til framkvæmda, enda þótt aðilar hafi þá eigi vísað deilunni til hans.

Aðilum er skylt að mæta eða láta mæta, þegar sáttasemjari kveður þá til funda.

Sáttasemjari getur frestað því um allt að 4 sólarhringa, að vinnustöðvun hefjist, ef hann hefur í hyggju að bera fram miðlunartillögu eða aðrar sérstakar ástæður eru fyrir hendi að hans dómi. Eigi er sáttasemjara heimilt að fresta vinnustöðvun nema einu sinni. Honum er eigi heldur heimilt að fresta vinnustöðvun, sem þegar er skollin á.

3. gr.

Aftan við 29. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Heimilt er sáttasemjara að krefja Efnahagsstofnunina, Hagstofu Íslands og aðrar opinberar stofnanir skýrslna um atvinnuhorfur, kaupmátt launa, vísitöluútreikninga, launasamanburð, skattareglur, afkomuhorfur einstakra atvinnugreina og önnur hliðstæð atriði, sem hann telur máli skipta til lausnar á vinnudeilu.

4. gr.

3. mgr. 32. gr. laganna hljóði svo:

Miðlunartillaga telst felld, þegar báðum eftirtöldum skilyrðum er fullnægt:

1. minnst 50% af greiddum atkvæðum eru á móti henni.
2. minnst 20% atkvæðisbærra manna greiða atkvæði á móti henni.

Að öðrum kosti telst miðlunartillaga samþykkt. Þeir, sem vegna fjarveru eða veikinda sannanlega eru útilokaðir frá að neyta atkvæðisréttar síns, teljast ekki atkvæðisbærir í þessu sambandi.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1970.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu felast aðallega breytingar á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur, er varða sáttameðferð og valdsvið sáttasemjara. Vinnustöðvanir eru að flestra dómi neyðarúræði, sem eigi á að grípa til við lausn kjaraágreinings, fyrr en allar aðrar leiðir hafa verið reyndar til þrautar. Reynslan sýnir, að oft skortir mikið á, að samningaviðræður og sáttaumleitanir beri þann árangur að leysa vinnudeilu, áður en til vinnustöðvunar kemur. Gildandi ákvæði vinnulöggjafarinnar

tryggja sáttasemjara ekki neinn lágmarkstíma til sáttastarfs, áður en vinnustöðvun kemur til framkvæmda, og komið hefur það fyrir, að sáttasemjari hefur ekki fengið kjaradeilu til meðferðar fyrr en verkfall var skollið á. Úr þessu þarf nauðsynlega að bæta. Sú hugsun liggur að baki frumvarpi þessu, að leggja þurfi meiri áherzlu á sáttatilraunir í vinnudeilum og að auka þurfi vald sáttasemjarans, svo að hann nái sterkari tökum á deiluaðilum og fái þar með betri aðstöðu en áður til þess að leysa hlutverk sitt vel og skjótlega af hendi. Ef vel á að takast, þyrfti sáttasemjari í sem allra flestum tilfellum að geta sætt hina stríðandi aðila, án þess, að til verkfalls eða verkbanns komi. Er óþarft að undirstrika þá miklu hagsmunalegu þýðingu, sem það hefur fyrir launþega, vinnuveitendur og þjóðina í heild, að vinnufriður haldist og kjaradeilur verði leystar í tæka tíð með samningum og sáttagerð, en komizt verði hjá því mikla og margvíslega tjóni, sem vinnustöðvanir hafa jafnan í för með sér.

Meginatriði frumvarpsins eru þessi:

1. Frestur til að boða vinnustöðvun er lengdur úr 7 sólarhringum í 20 sólarhringa.
2. Sáttasemjara er skylt að taka vinnudeilu til meðferðar í síðasta lagi 10 sólarhringum áður en vinnustöðvun er ætlað að koma til framkvæmda.
3. Sáttasemjara er heimilað að fresta því um allt að 4 sólarhringa, að vinnustöðvun hefjist, ef hann hefur í hyggju að bera fram miðlunartillögu eða aðrar sérstakar ástæður eru fyrir hendi að hans dómi.
4. Sáttasemjara er heimilað að krefja Efnahagsstofnunina, Hagstofu Íslands og aðrar opinberar stofnanir skýrslna um ýmiss konar málefni, er máli kunna að skipta til lausnar á vinnudeilu.
5. Breytt er reglunum um þátttöku í atkvæðagreiðslu um miðlunartillögu til þess að styrkja aðstöðu sáttasemjarans, en jafnframt í því skyni að örva menn til þátttöku í slíkum atkvæðagreiðslum og draga úr líkunum á því, að almennt þátttökuleysi í atkvæðagreiðslunni verði miðlunartillögu að falli.

Lagt er til, að ákvæði frumvarpsins taki eigi gildi fyrr en 1. janúar 1970. Er þetta gert til að undirstrika, að hér sé um framtíðarskipan að ræða einvörðungu, en ekki tilraun til þess að hafa áhrif á gang þeirra vinnudeilna, sem framundan kunna að vera á næstu vikum og mánuðum.

Einskis má láta ófreistað til þess að efla vinnufriðinn í landinu án þess að skerða grundvallarréttindi stéttarfélaga og vinnuveitenda til frjálsra samninga og vinnustöðvana. Með það í huga er frumvarp þetta fram borið.